
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2010-03
Fundartími:	Priðjudagur 2. mars 2010 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Mannfjöldi og spár um mannfjölda. 3) Notkunarflokkar raforku 2009. 4) Aflþörf raforkukerfisins 2009. 5) Endurskoðun raforkuspár, almennar forsendur. 6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Ásgeir Sigtryggsson
Sigurður Ágústsson
Íris Baldursdóttir
Gunnar Aðalsteinsson

EFLA:

Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Hagstofa Íslands:

Brynjólfur Sigurjónsson
Ómar Harðarson

Fjarverandi:

Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) Íris bauð Brynjólf og Ómar velkoman á fundinn og sagði að hópurinn hefði áhuga á að ræða við þá um mannfjöldaspár í ljósi þess að hópurinn væri að vinna að nýrri raforkuspá. Brynjólfur sagði að mannfjöldaspá hafi verið unnin árið 2007 og leiðrétt síðan árið 2008. Að- og brottflutningur fólks veldur mestum sveiflum í mannföldanum og þegar flutningarnir eru metnir hefur verið horft aðskilið á Íslendinga og útlendinga. Á undanförunum árum breyttist mynstur flutninganna þar sem karlmenn hafa verið í meirihluta þeirra sem flutt hafa til landsins undanfarin ár en nú er þetta að breytast að nýju og konur komnar aftur í meirihluta. Brottflutningur fólks eftir stóriðju- og virkjunarframkvæmdum lauk hefur verið hægari en ráð var fyrir gert. Endurkomuhlutfall Íslendinga sem flytja erlendis er um 0,8. Við gerð fólksfjöldaspár er ekki hægt að nota

tölfræði síðustu ára varðandi að- og brottflutning þar sem þau ár hafa verið mjög sérstök og ekki við því að búast að framtíðin verði svipuð. Ómar benti á að erfitt væri oft að fá réttar tölur um brottflutning fólks þar sem útlendingar hafi engan hvata til að skrá sig við brottför frá landinu. Í spá væri miðað við svipaða flutninga að og frá landinu og raunin hefur orðið á Norðurlöndunum. JV spurði hvort þeir mundu skipta spá niður á svæði hér innanlands. Brynjólfur sagði að það hefði ekki verið gert og yrði líklega ekki gert í nýrri spá. Hann benti á könnun sem Háskólinn á Akureyri gerði þar sem fram hefði komið að um 12% íbúa í Fjallabyggð hefði ekki búið þar síðustu 6 mánuðina áður en að könnunin var gerð. Brynjólfur sagði að stefnt væri að því að gefa út nýja fólksfjöldaspá fyrir lok þessa árs. JV spurði hvort mögulegt væri að hafa hana tilbúna um mitt ár til að hægt væri að nota hana við gerð nýrrar raforkuspár. Brynjólfur taldi það erfitt en þeir mundu þó hafa okkar þarfir í huga. Brynjólfur og Ómar viku þá af fundi og þakkaði Íris þeim fyrir komuna.

- 3) JV fór yfir kafla um fólksfjölda og benti sérstaklega á nýjar myndir um skiptingu aðflutnings umfram brottflutning milli Íslendinga og útlendinga og um þróun fólksfjölda kjarnasvæða og utan kjarnasvæða. Hann sagðist hafa breytt skilgreiningum á fólksfjöldaþróun landshlutanna út frá þessum gögnum og fór yfir þær forsendur. Engar athugasemdir komu við þær forsendur.
- 4) IB fór yfir gögn um raforkunotkun eftir notkunarflokkum og sagði að gögnin fyrir árið 2009 ættu að vera orðin endanleg. Hann benti m.a. á að rúmlega 20 GWh aukning var á heimilisnotkun en aðrir meginflokkar almennrar forgagnsorkunotkunar minnkuðu á milli ára. Notkun í mörgum notkunarflokkum minnkaði svo sem í notkunarflokkum tengdum byggingarstarfsemi, smásöluverslun, garðyrkju. Notkun jókst t.d. sundlaugum og íþróttahúsum.
- 5) IB sagði að úrvinnsla úr aflagögnum væri ekki lokið. Hann benti á frávik sem væru í orkutölum og aflagögnum varðandi vinnslu Orkuveitu Reykjavíkur og fjallaði um eigin notkun á jarðgufustöðvum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:20. Næsti fundur ákveðinn 6. apríl 2010.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Kafli 3 í raforkuspá um fólksfjölda.
- Myndir um raforkunotkun 2009.

Dreift eftir fundinn:

- Excel skjal með raforkunotkun 2009 eftir notkunarflokkum.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Samþykki fyrir áætlun næsta árs.
ÍP	Athuga með mælingar í virkjunum
	.